

Til sveitarstjórnar Djúpavogshrepps

Gauti Jóhannesson sveitarstjóri

20. apríl 2020

Málefni: Strandveiðar á komandi sumri

Inngangur

Þann 4. maí næstkomandi hefjast strandveiðar. Á árinu 2019 stunduðu 623 bátar veiðarnar og réru frá flestum höfnum landsins. Aflabögd voru ágæt þrátt fyrir miklar ógæftir, alls 10.107 tonn þar af 9.170 tonn þorskur í alls um 16 þúsund sjóferðum. Aflaverðmæti nam 3 milljörðum.

Samkvæmt ákvæði laga um stjórn fiskveiða er heimilt að stunda strandveiðar í 4 mánuði á ári hverju, maí, júní, júlí og ágúst, að hámarki 12 daga í hverjum mánuði. Hver bátur má hafa 4 handfærarúllur til að veiða alls 774 kg af þorski á 14 klukkustundum mælt úr og í höfn. Óheimilt er að stunda veiðar 3 daga í viku föstudaga, laugardaga og sunnudaga, auk rauðra daga. Þessu til viðbótar bætast við náttúrulegar aðstæður, veður og fiskgengd á grunnslóð.

Einn megin kostur strandveiða er að þær gefa hverjum og einum tækifæri til að stunda veiðar í atvinnuskyni án þess að eiga það á hættu að fá ekki árlega heimild til veiða. Með því ákvæði er uppfyllt athugasemd sem Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna gerði við fiskveiðistjórnun hér á landi þann 24. október 2007.

Strandveiðar í uppnámi vegna COVID-19

LS og svæðisfélög þess hafa á undanförunum dögum verið að kortleggja helstu áhrif sem COVID-19 getur haft á starf smábátæigenda. Eitt af því sem staldrað er við eru strandveiðar. Gera má ráð fyrir að sóttkví, sýking og veikindi geti haft þar áhrif sem koma mun í veg fyrir að hægt verði að stunda veiðar með eðlilegum hætti. Verð er afar ótryggt, ekki síst þar sem aflinn fer að mestum hluta ferskur á dagvörumarkað og veitingahús. Þrátt fyrir að krónan hafi fallið um 10% gagnvart evru í mars er verð á línuveiddum óslægðum þorski 15% lægra en það ætti að vera. Hvað það verður í maí þegar strandveiðar hefjast er ómögulegt að segja, en afar ólíklegt er að verð þá verði viðunandi fyrir útgerð strandveiðibáta.

Bréf LS til sjávarútvegsráðherra


26. mars sl. sendi LS erindi til Kristjáns Þórs Júlíussonar sjávarútvegs- og landbúnaðar-
ráðherra þar sem hann var beðinn að beita sér fyrir breytingu laga um stjórn fiskveiða -
ákvæði um strandveiðar. Í stað þess að 48 veiðidagar skiptist jafnt á 4 mánuði verði
heimilt að nýta þá á ársgrundvelli frá 1. maí - 30. apríl 2021. Auk þess að aflétta
fyrrnefndu banni við að róa 3 daga í viku.

Á síðasta ári var heildarfjöldi landana á Djúpavogi 283 og afli þeirra 16 báta sem þátt
tóku í veiðunum 226 tonn.

Afli strandveiðibáta er nánast allur seldur gegnum fiskmarkaði. Engum íbúa Djúpavogs
dylst hversu mikilvægar strandveiðar eru. Þjónusta er keypt, allt iðar að lífi í höfninni,
jákvæðni og bros skín úr hverju andliti þegar glansandi ísidrifnum þorskinum er landað.

Hér með er óskað eftir liðsinni frá sveitarstjórn Djúpavogshrepps við erindi
Landssambands smábátæigenda við tímabundnum breytingum á reglum um
strandveiðar.

Virðingarfyllt



framkvæmdastjóri



formaður